

26/2 72

S T A R F S K Ý R S L A .
=====

1 9 7 1
=====

SKÓGRÆKT RÍKISINS
Gróðrarstöðin Tumastöðum .
=====

Veðurfar ársins.

Árið 1971 líktist mjög fyrri ári af köldu veðurfari allt árið, en nokkuð gott úti verkum. Umhleytinga sömum vetri.

Veturinn (jan.- marz). Janúar með þeim köldustu sem komið hafa og sérstaklega síðari hlutinn. Umhleytingasamur framan af, en frá 12. til loka mánaðarins nokkuð mikið frost með sólfari um miðjan daginn.

Febrúar vinda- og úrkomusamur, nokkuð um hörð frost og alltaf á auða jörð, mikill klaki komin í jörðu.

Marz hlýrri en undanfarandi ár, nokkuð hart frost 14.-21. en að öðruleiti frostlaus.

Vorið (apríl - maí). Apríl í meðallagi hlýr, en úrkoma meir en annan hvern dag, tölv^uvert frost í jörðu. Ekki sem verstur úti-
verkum.

Maí klaki í jörðu að mestu út mánuðin og úrkoma flesta daga eða 25 og því effiðurnúti vinnu vegna bleytu. Gróðri fór hægt fram.

Sumarið (júní - sept.). Júní hægviðrasamur og hiti við meðallag og úrkoma lítil eða aðeins í 4 daga og er það óalgengt.

Júlí rigndi í 23 daga en að öðruleiti hægviðrasamt og góð tíð.

Ágúst þurrviðrasamur framan af og góður til allrar vinnu, fremur kaldur en aldrei rok. Næturfrost gerði 28. ágúst.

September kaldari en í meðallagi og rigning flesta daga en hægviðri Sumarið var kalt og úrkoma í meðallagi nema hvað júní var þurr og mikið þurfti að vökva, annars var sumarið hægviðrasamt og hentugt til útiverka.

Haustið (okt.- nóv.). Október hægviðri flesta daga og góðviðri, byrjaði að frjósa um miðjan mánuðinn á auða jörð.

Nóvember nokkuð kaldari en í meðallagi, vindasamt og oftast S.A. átt, nokkuð hörð frost frá 9.-27. þó þýða á milli.

Haustið hefur verið úrkomusamt og oft erfið útiverkum.

Desember hlífviðrasamur en töluvert um úrkomu og tíð því hrakviðrasöm, oftast S.V. eða S.A. átt. Frost að mestu úr jörðu um áramót.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birkiskjólbeltin hér í gróðrarstöðinni voru orðin laufguð 23. maí eða 3 vikum fyrr en árið á undan, en þá var laufgun talin vera 16. júní. Lauffall á birki varð 4. okt. nokkur tré stóðu þó enn með græn blöð.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var yfirleitt í góðu meðallagi á flestum tegundum, það sem mest ber á, er hvað vöxtur á sitkagreni og ösp er nú meiri en á undan förnum árum, til dæmis er þó nokkuð um 58-65 cm. ársvöxt á sitkagreniplöntunum í skjólbelti sem plantað var 1967. Aftur á móti er vöxtur plantna í uppeldi ekki nema í meðallagi og stafar aðallega af því hvað klaki fór seint úr jörðu og eins að varla kom dropi úr lofti í júní mánuði.

Fræfall. Lítið var af fræi á birkiskjólbeltunum í gróðrarstöðinni í ár og söfnuðum við aðeins 4,1 kg. af heinsuðu fræi af þeim, einnig söfnuðum við 6,0 kg. af hreinsuðu fræi í skrúðgarði Rangæingafélagsins Reykjavík í Hlíðarendakoti, en þar var töluvert af fræi og því hefur verið safnað hér 10,1 kg. af birki-fræi. Nokkuð var af könglum á sitkagreni hér og söfnuðum við þeim og fengum 1,0 kr. af vængjuðu fræi og verður það sent að Mógilsá til spírunarprófunar og hreinsunar, eins sendum við prufu af birkifræi til spírunarprófunar. Eins og vanalega var safnað fræi af lúpínu og var það aðallega gert hér í gróðrarstöðinni og fengust 20,0 kg. af hreinsuðu fræi og verður það sent að Mógilsá

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði um miðjan apríl og lauk að mestu í lok september. 25. okt. fórum við að taka upp plöntur til geymslu í kæli, vorum að því til 10. nóv. eða meðan tíð leyfði. Hér er auk mín 1 fastráðinn starfsmaður.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni samkvæmt kaupskrá kr. 1.033.047,70 og verktaka vinna var kr. 165.147,00 og voru því kaupgreiðslur samtals kr. 1.198.194,70 og af því fór út úr hreppnum aðeins kr. 60.562,60 eða 5,01 % af öllum kaupgreiðslum.

Ekki var starfandi mótuneyti hér á staðnum í sumar frekar en verið hefur undan farin ár, en ég sé ekki annað en að á næsta ári verði breyting þar á, vegna þess hvað fólki hefur fækkað hér í hreppnum og mikil eftirspurn verið eftir vinnufólki og hefur því unga fólkið leitað hédan í burtu.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	feb.	marz	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	samtals
Kon.				3	11	43	36	30	8	1	4		136
Karl.	4	4	4	7	7	16	6	11	8	5	6	7	85
Samt.	4	4	4	10	18	59	42	41	16	6	10	7	221

Gróðrarstöðin.

Nývirki og umbætur. Byggt var hér báruplast gróðurhús, stærð þess er 23,80 m. á lengd, 8,0 m. á breidd eða 190,4 m². Mesta gólf hæð er 3,60 m. og rúmmál 522,1 m³. Grafið var niður fyrir frosth. og í holurnar látnar 4" steinrör og í þau steipt 1" galv. járnör, grindin sem er úr beygðum 1 1/4 galv. járnörum var síðan smeigt ofan yfir 1" rörin og boltuð þar á, grindin var síðan langbönduð og plastið neglt þar á, grind í göflum er úr timbri.

Kostnaður við gróðurhúsið varð kr. 116.732,00.

Komið var hér upp plöntukæli til geymslu á plöntum og verða þar geymdar plöntur frá hausti til vors, þetta ætti að geta sparað nokkurn vinnukraft á vorin þegar mest er að gera og lengja vinnutímabilið. Þegar til lengdar lætur ætti að vera fjárhagslegur sparnaður á vetrarumbúnaði, ef okkur lánast að taka upp plöntur á haustin sem nokkru nemur og við þurfum ekki að ganga frá vetrarumbúnaði yfir þær. Stofnkostnaður við tæki og uppsetningu klefans varð nokkuð hár eða kr. 344.744,40. Plöntugeymslan er 57,8 m². eða 124,10 m³. Tækin eru Turnkælir, fengin frá Noregi en einhvernveginn hefur afgreiðsla þeirra ekki verið rétt, því með þeim útbúnaði sem á þeim var, voru þau aðeins ætluð til skammtíma kælingar svo við þurftum að koma upp ýmsum aukabúnaði og tækjum svo hægt væri að hafa lægra hitastig í köliklefanum og geta afhrímað eftir þörfum. Plönturnar eru hafðar í -2 til -3 gr. en um það eru flestir sammála að sé hið ákjósanlegasta hitastig til vetrargeymslu.

Fræplöntur. Sáð var birki 3. maí í 100 m². í plastgróðurhús og eru plöntur þessar með því betra sem fengist hefur úr gróðurhúsi. Sáð var 9,17 kg. af fræi í 650 m². og öllu dreifsáð. Fræið spíraði eins og ráð var fyrir gert og voru beðin nokkuð góð hvað þéttleika snertir. 2/0 plöntur eru nokkuð góðar en sumt af sitkagrenni mátti vera stærra.

Með tilkomu plöntukælis og upptöku á plöntum á haustin held ég að við verðum að breyta til með sáningu og raðsá, þó að kostnaður við raðsáningu sé meiri en við dreifsáningu. Ég gæti ímyndað mér að upptaka á raðsáðum fræbeðsplöntum væri nær helmingi fljótlegri en á dreifsáðum plöntum og ekki veitir af að gera allt sem hægt er til að flýta sem mest upptöku á fræplöntum á haustin því frost getur komið það snemma að tími til þessa verði í lágmarki. Sáningu var lokið 22. maí.

Dreifsetning. Í sumar var dreifsettar 240.000 stk. af skógarplöntum og af því 151.000 stk. sitkagreni. Næsta ár geri ég ráð fyrir að dreifsetja um 450-500.000 stk.

Eins og kom fram í starfsskýrslu síðast liðið ár voru afföll á sitkagreni dreifsetningu þess árs mjög mikil svo ekki var nema lítið eftir lifandi um haustið og hélt sá dauði áfram svo að í vor var ekkert eftir lifandi, en nóg um það. Vöxtur dreifsettra plantna í meðallagi.

Hreinsun. Gesatop var notað hér eins og að undanfögnu, nema á eldri dreifsetningar, þær voru handhreinsaðar eins og þurfti. Sáðbeð og lauftrésbeð voru handhreinsuð og hefur ekki lengi verið eins mikið um illgresi að ræða og í sumar.

Allylalkohol var sett á 505 m². af sáðbeðum haustið 1970 og var sett plast yfir sum af þessum beðum, til að varna að ekki fyki *hvaða* illgresisfræ í beðin eftir þessa meðhöndlun, en árangur varð *dag* lítill, þó var heldur minna illgresi í þeim beðum sem plast var yfir. Handstynga varð þessi beð upp í vor og má því segja að þetta hafi frekar tafið fyrir en hitt. Moldin hafði sigið svo mikið saman að jarðvegurinn var eins og asvalt.

Umbúnaður. Vegna þess hvað holklaki hefur verið mikill hér, var skorið torf og lagt á kanta ný dreifsettra plöntubeða, skjólgrindur í aðra hverja götu og beðin þekin með limi.

Afhending. Afhentar voru 88.025 stk. af skógarplöntum af plöntum til dreifsetningar voru afhentar 70.000 stk og af garðplöntum voru afhentar 10.715 stk. samtals voru því afhentar 168.740 stk. Bókfært verð þeirra þegar afsláttur til skógræktarf. og eins til eigin nota hafði verið dregin frá varð verð þeirra kr. 899.183,10 og af því söluskattsskyldar plöntur kr. 466.726,00.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Settar voru nýjar útihurðir og karmar í undæmisbústaðinn og einnig var komið upp snyrtiaðstöðu í kjallara í íbúð verkstjóra, en að öðruleiti var ekki unnið að viðhaldi eða endurbótum svo orð sé á gerandi.

Vélar og verkfæri.

Gert var við vélar eftir því sem þær létu ásjá og eins var með verkfæri, en ekkert af þessum tækjum eða vélum þurftu á kostnaðarsömum viðgerðum þetta árið. Skipta þurfti um afldælu og fleira í díseldráttarv. vegna aflsúttaks.

Smíðuð var hér jeppakerra sem er öll úr járni, á fjöðrum og mjög burðar mikil og góð. Kostnaður v/ þessa varð kr. 24.154,00.

Einnig var smíðaður hér vagn fyrir Ágúst Árnason Hvammi, Skorradal sem hann ætlar að nota undir sumarhús fyrir vinnuflokk sinn. Kostnaður v./ þessa varð kr. 24.386,30. Ennfremur var lítilega unnið að viðgerð á L-233 v/ Garðars Jónssonar.

Skógreitir.

Tumastaðir. Plantað var í brekku austar af gróðrarstöðinni 333 stk. af sitkagreni Kvæmi Tumast. og Hveragerði og voru plönturnar um 100-130 cm. á hæð og verður þessu framhaldið í vor, plantað var í raðir og hafðir 5 m. milli raða og sama bil á milli plantna í röð.

Lagfært og grisjað í sitkagrenilundinum frá 1944 og limið notað til vetrarumbúnaðar, einnig voru tekin þar 20 stk. af rauðgreni í jólatréssölu og einnig voru sótt 20 stk. í Þjórsárdal og nam því saman 40 trjém og þar sem þetta var í fyrsta sinn, sem hér eru seld jólatré, má búast við að hún aukist á næstu árum.

Múlakot. Í Múlakoti var maður sem sá um hreinsun og lagfæringu eins og verið hefur og er reiturinn nú kominn í sæmilegt horf og flestum sem þar koma til yndisauka, en gera þarf meira og eins þyrfti að vera þar maður um helgar svo hægt sé að hafa reitin opinn ferðafólki og þyrfti hann einnig að geta gefið fólki ýmsar upplýsingar. Plantað var 60 stk af sitkagreni 70-125 cm. háum í brekkuna ofan hamra og að hluta austast í reitinn, einnig var plantað ýmsum öðrum tegundum til uppfyllingar.

Yfirlit yfir viðskiptareikning við Skógrækt ríkisins Ránarg. 18

	Innborgað	Útborgað
Jöfnuður inneign hjá reikningsh.	31.116,40	
Rekstursfé frá S.r.	1.430.700,00	
Borgað í Reykjavík	161.488,20	161.488,20
Innk. fyrir skógaþpl.	38.551,30	
Innk. fyrir garðpl.	197.209,00	
Innk. fyrir jólatré	12.890,00	
Vextir	5.074,80	
Greiddir reikningar	_____	<u>1.718.508,70</u>
Samtals	1.877.029,70	1.879.996,90
Mismunur skuld við reikningsh. .	<u>2.967,20</u>	_____
Samtals	<u>1.879.996,90</u>	<u>1.897.996,90</u>

Kostnaður varð því kr. 1.879.996,90 þar af var unnið v/ Garðars Jónssonar Selfossi o. fl. fyrir kr. 18.192,30 og greitt fyrir efni v/ smíða á vagni fyrir Ágúst Árnason Hvammi kr. 9.105,50 eða samtals vegna annara kr. 27.297,80 . Sjá sundurliðun.

Raunverulegur kostnaður varð því kr. 1.852.699,10 og hefur því farið fram úr áætlun um kr. 302.699,10 eða 19,6 % .

Hér á eftir fylgir viðfangsefna sundurliðun og þar á eftir sundurliðun vinnulauna.

Viðfangsefnaskipting.

0 1 Laun og ýmis starfsmannaútgjöld.

o 111/19	Dagvinna	996.862,20	
o 121/19	Eftirvinna	137.884,60	
o 122/19	N-og helgidagavinna	32.480,90	
o 156/19	Fæðispeningar	1.000,00	
o 171	Iðgj. til slysa-og atvinnul.	19.106,00	
o 173/02	- - annara lífeyriss..	15.192,00	
o 175	Launaskattur	29.076,20	<u>1.231.601,90</u>

0 22 Raforka.

o 222/19	Gróðrarstöðin Tumastöðum ...	<u>54.641,00</u>	<u>54.641,00</u>
----------	------------------------------	------------------	------------------

0 23 Oliur og benzín.

o 232	Oliá til upphitunar	3.367,40	
o 235	Oliur og benzín v/ véla	1.040,00	
o 237/01	Oliur og benzín v/ dráttarv.	<u>8.635,00</u>	<u>13.042,40</u>

0 26 Tryggingagjöld efnislegra fjármuna.

o 262/01	Skyldutrygging húseigna	6.039,00	
o 266	Trygging verkf, áhalda o.fl.	3.937,00	
o 267/04	Tryggingar flutnt. og vinnuv.	<u>889,00</u>	<u>10.865,00</u>

0 27 Aðkeypt viðhald efnislegra fjármuna.

o 272/11	Umdæmisbústaður	63.308,20	
o 272/12	Starfsmannabústaður	13.593,50	
o 272/13	Viðleguhús		
o 272/14	Plöntugeymslur	4.424,30	
o 272/15	Verkfærageymslur	20.038,90	
o 275/01	Vélar	745,50	
o 275/02	Kælivélar og kælikerfi	277,50	
o 276/01	Verkfæri og áhöld	944,00	
o 277/01	Dráttarvélar	10.432,40	
o 277/15	L-233	20,00	
o 279	Annað aðkeypt viðhald	<u>4.371,00</u>	<u>118.155,30</u>

0 28 Ýmis stofnkostnaður sem ekki færir á eignaskrá.

o 286/01	Ýmis handverkfæri	<u>3.930,00</u>	<u>3.930,00</u>
----------	-------------------------	-----------------	-----------------

0 31 Sáðvörur, áburður, plöntur o. fl.

o 312/02	Til gróðrarst.	7.889,00	
o 312/11	Til gróðrarst.	<u>5.000,00</u>	<u>12.889,00</u>

0 39 Ýmsar rekstrarvörur.

o 391	Matvörur	1.749,50	
o 392	Viðlegubúnaður	740,00	
o 393	Ræsti- og hreinlætisvörur ..	1.276,00	
o 396	Umbúðir	16.827,70	
o 397	Kemisk efni	7.689,50	
o 399/01	Vörur til gróðrarstöðva	17.492,40	
o 399/03	Ýmsar vörur	<u>4.531,50</u>	<u>50.306,60</u>

0 41 Ritföng, pappír, símakostn o. fl.

o 411/02	Reikningsh.	852,20	
o 414/19	Gróðrarstöðin Tumast.	11.316,00	
o 413/01	Bækur	225,00	
o 415/02	Reikningah.	<u>493,00</u>	<u>12.886,20</u>

0 42 Ferðakostnaður, risna o. fl.

o 423/02	Ferðakostnaður starf.	<u>1.370,00</u>	<u>1.370,00</u>
----------	----------------------------	-----------------	-----------------

0 43 Aðkeyptur akstur, flutningsg. o. fl.

o 431/02	V. gróðrarstöðvar	30,00	
o 431/52	V. gróðrarstöðvar	3.400,00	
o 432/01	Afurðaflutningar	1.740,00	
o 432/02	Aðdrættir	2.867,00	
o 433/02	v. gróðrarstöðvar	<u>2.025,00</u>	<u>10.062,00</u>

0 51 Eignaskattur og önnur opinber gjöld af eignum.

o 511	Fasteignaskattar	1.251,00	
	Söluskattur	47.530,00	
o 530	Ýmis opinber gjöld	<u>2.060,00</u>	<u>50.841,00</u>

0 8 Gjaldferður stofnkostnaður.

o 831/03	Gróðurhús	50.058,00	
o 831/04	Plöntugeymsla	239.835,60	
o 860/01	vagn v/ Ágústari Arnasonar ..	9.105,50	
o 860/01	Jeppakerra	<u>10.407,40</u>	<u>309.406,50</u>

Samtals 1.897.996,90
=====

Sundurliðun vinnulauna.

1 Skóggræðsla.

105	Jólatré	2.666,20	
106	Fræsöfnun	13.387,80	
113	Viðlegukostnaður	<u>1.477,40</u>	<u>17.531,40</u>

2 Gróðrarstöðvar.

201	Verkstjórn	279.630,30	
203	Sáningar	29.125,30	
204	Dreifsetning	174.028,60	
205	Garðplöntur	41.007,70	
206	Pottun	21.566,40	
207	Hirðing	31.550,80	
208	Afhending	57.661,50	
209	Illgresiseyðing	166.376,40	
210	Jarðvinnsla	2.592,50	
211	Vetrarumbúnaður	66.602,60	
212	Skjólbelti	3.188,70	
213	Smiðar	7.983,90	
215	Ýmislegt	2.766,70	
221	Skógreitir Tumast.	12.093,30	
	- Múlakot	34.311,20	
222	Girðingar	<u>801,40</u>	<u>931.287,30</u>

4 Ýmis kostnaður.

401	Veikindadagar	4.593,40	
402	Skrifstofuvinna	<u>2.623,00</u>	<u>7.216,40</u>

5 Viðhald.

506	Umdæmisbústaður	3.800,00	
507	Staffsmannab.	911,70	
510	Verkfærag.	2.330,00	
561	Dráttarvélar	501,00	
575	L-233	2.911,50	
581	Vatnskerfi	<u>3.628,10</u>	<u>14.582,30</u>

6 Stofnkostnaður.

	Gróðurhús	63.674,10	
	Plöntugeymsla	104.908,80	
	Vagn v/ A. Arnasonar	15.280,80	
	Jeppakerra	<u>13.746,60</u>	<u>197.610,30</u>

Samtals 1.168.227,70

PLÖNTUBIRGDIR.
=====

1 9 7 1
=====

GRÖÐRERSTÖÐIN

Gróðrerstöðin á Tumastöðum
=====

Gróðrarstöðin á Tumastöðum. Plöntubirgðir haustið 1971
 ~~~~~

| Frás. nr.           | Tegund            | Kvæmi            | Fjöldi        |
|---------------------|-------------------|------------------|---------------|
| <b>L/O Plöntur:</b> |                   |                  |               |
| =====               |                   |                  |               |
| B-670               | Stafafura .....   | Anaheim .....    | 91.500        |
| B-736               | Síberíulerki .... | Altai .....      | 28.000        |
| B-761               | Rauðgreni .....   | Ringstater ..... | 88.000        |
| B-763               | Bergfura .....    | Cerdagne .....   | 11.200        |
| B-778               | Birki .....       | Skafafelli ....  | 50.000        |
| B-779               | Sitkagreni .....  | Cordova .....    | 290.000       |
| B-782               | Stafafura .....   | Skagway .....    | 165.000       |
| B-789               | Broddfura .....   | Colorado .....   | 3.300         |
| B-800               | Birki .....       | Noregi .....     | <u>12.000</u> |
|                     |                   | Samtals          | 739.000       |
|                     |                   |                  | =====         |

## Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Plöntubirgðir haustið 1971

| Fræs. nr.           | Tegund            | Kvæmi            | Fjöldi         |
|---------------------|-------------------|------------------|----------------|
| <b>2/0 Plöntur:</b> |                   |                  |                |
| =====               |                   |                  |                |
| B-749               | Birki .....       | Hálsar .....     | 25.000         |
| B-704               | Rauðgreni .....   | Levanger V. .... | 15.000         |
| B-699               | Rauðgreni .....   | Trysil .....     | 25.500         |
| B-648               | Rauðgreni .....   | Meldal .....     | 1.900          |
| B-701               | Rauðgreni .....   | Vang Løten ..... | 27.000         |
| B-747               | Sitkagreni .....  | Cordova .....    | 180.000        |
| B-712               | Sitkagreni .....  | Homer .....      | 145.000        |
| B-756               | Sitkagreni .....  | Fish Bay .....   | 24.000         |
| B-757               | Sitkagreni .....  | Old Sitka .....  | 15.000 364 000 |
| B-755               | Bergfura .....    | Haut confl. .... | 20.000         |
| B-746               | Stafafura .....   | Skagway .....    | 41.000         |
| B-711               | Stafafura .....   | Skagway .....    | 15.600         |
| B-670               | Stafafura .....   | Anaheim .....    | 52.600         |
| B-671               | Stafafura .....   | Fort St. James . | 50.000         |
| B-744               | Broddfura .....   | Hall .....       | 15.000         |
| B-736               | Síberíulerki .... | Altaí .....      | <u>40.000</u>  |
|                     |                   | Samtals          | 692.600        |
|                     |                   |                  | =====          |

-159.200

## Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Plöntubirgðir haustið 1971

=====

| Fræs. nr.           | Tegund             | Kvæmi                | Fjöldi |
|---------------------|--------------------|----------------------|--------|
| <b>3/0 Plöntur:</b> |                    |                      |        |
| =====               |                    |                      |        |
| B-346               | Brodd- og bálgreni | Sapinero .....       | 2.700  |
| B-688               | Stafafura .....    | Wedelsbg. ....       | 9.900  |
| B-702               | Rauðgreni .....    | Namdalseid .....     | 7.000  |
| B-713               | Sitkagreni .....   | Cordova .....        | 15.000 |
| B-715               | Broddfura .....    | Park. Col. ....      | 2.500  |
| B-716               | Sveigfura .....    | .....                | 900    |
| B-721               | Svartgreni .....   | Alberta .....        | 7.500  |
|                     | Birki .....        | Hall. að mestu ónýtt | _____  |
|                     |                    | Samtals              | 45.500 |
|                     |                    | =====                | =====  |

**4/0 Plöntur:**

=====

|       |                 |                  |               |
|-------|-----------------|------------------|---------------|
| B-702 | Rauðgreni ..... | Namdalseid ..... | <u>12.000</u> |
|       |                 | Samtals          | 12.000        |
|       |                 | =====            | =====         |

**2/1 Plöntur:**

=====

|       |                  |                  |              |
|-------|------------------|------------------|--------------|
| B-675 | Stafafura .....  | Sitka .....      | 5.290        |
| B-688 | Stafafura .....  | Wedelsbg. ....   | 3.800        |
| B-703 | Rauðgreni .....  | Verran Levanger. | 15.800       |
| B-713 | Sitkagreni ..... | Cordova .....    | 151.800      |
| B-720 | Bergfura .....   | Clasenbg. ....   | 44.900       |
| B-723 | Lerki .....      | Altaí .....      | 7.080        |
|       | Birki .....      | Tumast. ....     | 7.600        |
|       | Birki .....      | Kollafj. ....    | <u>3.800</u> |
|       |                  | Samtals          | 240.070      |
|       |                  | =====            | =====        |



Gróðrarstöðin á Tumastöðum. Plöntubirgðir haustið 1971  
 =====

Frás. nr. Tegund Kvæmi Fjöldi

1/3 Plöntur:  
 =====

|       |                  |                   |              |
|-------|------------------|-------------------|--------------|
| B-684 | Birki .....      | Bajarstað .....   | 3.000        |
|       | Sitkagreni ..... | Yakutat .....     | 180          |
|       | Sitkagreni ..... | Robe Lake Valday  | 750          |
|       | Sitkagreni ..... | Homer Hills ....  | 1.100        |
|       | Sitkagreni ..... | Fitz creek .....  | 120          |
|       | Sitkagreni ..... | Afognak Lake ...  | 300          |
|       | Sitkagreni ..... | Miller pt. Kodiak | <u>350</u>   |
|       |                  | Samtals           | <u>5.800</u> |
|       |                  |                   | =====        |

2/2 Plöntur:  
 =====

|       |                 |               |               |
|-------|-----------------|---------------|---------------|
| B-711 | Stafafura ..... | Skagway ..... | <u>61.000</u> |
|       |                 | Samtals       | <u>61.000</u> |
|       |                 |               | =====         |

2/3 Plöntur:  
 =====

|       |                  |                          |               |
|-------|------------------|--------------------------|---------------|
| B-590 | Sitkagreni ..... | <del>Cordova</del> ..... | 2.900         |
| B-665 | Rauðgreni .....  | Trysil .....             | 38.300        |
| B-693 | Sitkagreni ..... | Seward .....             | <u>8.125</u>  |
|       |                  | Samtals                  | <u>49.325</u> |
|       |                  |                          | =====         |

3/3 Plöntur:  
 =====

|       |                  |              |              |
|-------|------------------|--------------|--------------|
| B-669 | Sitkagreni ..... | Kodiak ..... | <u>6.900</u> |
|       |                  | Samtals      | <u>6.900</u> |
|       |                  |              | =====        |

=====

| Fræs. nr. | Tegund             | Kvæmi            | Fjöldi       |
|-----------|--------------------|------------------|--------------|
| B-749     | Birki 2/0 .....    | Hálsar .....     | 10.000       |
| B-704     | Rauðgreni 2/0 ...  | Levanger V. .... | 12.000       |
| B-699     | Rauðgreni 2/0 ...  | Trysil .....     | 22.000       |
| B-648     | Rauðgreni 2/0 ...  | Meldal .....     | 1.000        |
| B-701     | Rauðgreni 2/0 ...  | Vang Løten ..... | 25.000       |
| B-747     | Sitkagreni 2/0 ..  | Cordova .....    | 130.000      |
| B-712     | Sitkagreni 2/0 ..  | Homer .....      | 100.000      |
| B-756     | Sitkagreni 2/0 ..  | Fish Bay .....   | 20.000       |
| B-757     | Sitkagreni 2/0 ..  | Old Sitka .....  | 11.000       |
| B-755     | Bergfura 2/0 ....  | Haut confl. .... | 17.000       |
| B-746     | Stafafura 2/0 ...  | Skagway .....    | 34.000       |
| B-711     | Stafafura 2/0 ...  | Skagway .....    | 13.000       |
| B-670     | Stafafura 2/0 ...  | Anaheim .....    | 45.000       |
| B-671     | Stafafura 2/0 ...  | Fort St. James . | 42.000       |
| B-736     | Síberíulærki 2/0.  | Altaí .....      | 32.000       |
| B-346     | Brodd/Blágreni 3/0 | Sapinero .....   | 2.500        |
| B-688     | Stafafura 3/0....  | Wedelsbg. ....   | 3.000        |
| B-702     | Rauðgreni 3/0 ...  | Namdalseid ..... | 5.000        |
| B-713     | Sitkagreni 3/0 ..  | Cordova .....    | 15.000       |
| B-715     | Broddfura 3/0 ...  | Park Col. ....   | 2.000        |
| B-716     | Sveigfura 3/0 ...  | .....            | 500          |
| B-721     | Svartgreni 3/0 ..  | Alberta .....    | 4.000        |
| B-702     | Rauðgreni 4/0 ...  | Namdalseid. .... | 12.000       |
| B-711     | Stafafura 2/2 ...  | Skagway .....    | <u>4.000</u> |
|           |                    | Samtals          | 562.000      |
|           |                    | =====            | =====        |



Gróðrarstöðin á Tumastöðum. Skógarplöntur til afhendingar 1972

| Fræs. nr. | Tegund            | Kvæmi          | Fjöldi        |
|-----------|-------------------|----------------|---------------|
| B-711     | Stafafura 2/2 ... | Skagway .....  | 53.000        |
| B-688     | Stafafura 3/0 ... | Wedelsbg. .... | 3.000         |
|           | Sitkagreni 1/3 .. | 6 kvæmi .....  | 2.150         |
| B-669     | Sitkagreni 3/3 .. | Kodiak .....   | 6.700         |
| B-693     | Sitkagreni 2/3 .. | Seward .....   | 8.125         |
| B-590     | Sitkagreni 2/3 .. | Cordova .....  | 2.300         |
| B-665     | Rauðgreni 2/3 ... | Trysil .....   | <u>20.000</u> |
|           |                   | Samtals        | 95.275        |
|           |                   | =====          |               |

Dreifsetning 1971

|       |                   |                  |              |
|-------|-------------------|------------------|--------------|
| B-675 | Stafafura 2/0 ... | Sitka .....      | 5.290        |
| B-688 | Stafafura 2/0 ... | Wedelsbg. ....   | 3.800        |
| B-703 | Rauðgreni 2/0 ... | Verran Levanger. | 15.800       |
| B-713 | Sitkagreni 2/0 .. | Cordova .....    | 151.800      |
| B-720 | Bergfura 2/0 .... | Clasenbg. ....   | 44.900       |
| B-723 | Lerki 2/0 .....   | Altaí .....      | 7.080        |
|       | Birki 2/0 .....   | Tumast. ....     | 7.600        |
|       | Birki 2/0 .....   | Kollafj. ....    | <u>3.800</u> |
|       |                   | Samtals          | 240.070      |
|       |                   | =====            |              |

## Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Afhentar garðplöntur 1971

~~Gróðrarstöðin á Tumastöðum. Afhentar garðplöntur 1971~~

| Tegund<br>=====         | Fjöldi<br>===== |
|-------------------------|-----------------|
| Birki .....             | 3.015           |
| Elri .....              | 56              |
| Sitkagreni .....        | 706             |
| Hvítgreni .....         | 31              |
| Rauðgreni .....         | 252             |
| Stafafura .....         | 100             |
| Broddfura .....         | 37              |
| Lerki .....             | 55              |
| Álmur .....             | 20              |
| Reynir .....            | 105             |
| Gráreynir .....         | 24              |
| Alaskaösp .....         | 21              |
| Viðja .....             | 5.198           |
| Ribs .....              | 321             |
| Fjallaribs .....        | 40              |
| Birkikvistur .....      | 213             |
| Glansmispill .....      | 274             |
| Runnamura .....         | 41              |
| Rauðblaðarós .....      | 39              |
| 27 aðrar tegundir ..... | <u>167</u>      |
| Samtals                 | 10.715          |
| =====                   | =====           |